

Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólgata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. september 2023

sent á samráðsgátt

### Umsögn um starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 27. júní sl. Um er að ræða beiðni um sjónarmið hagsmunaaðila og annarra vegna vinnu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Hópurinn var skipaður þann 7. júní sl. og er m.a. gert að afla upplýsinga og gagn um úrlausnarefnað ásamt því að skoða þau atriði sem fram koma í stöðuskýrslu starfshóps um málefni vindorku.

Starfshópurinn ákvað að gefa hagsmunaaðilum og öðrum aðilum kost á að koma ábendingum og/eða tillögum til starfshópsins sem geta stutt við vinnu hópsins vegna skoðunar á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Það er vel og samtökin fagna því að starfshópurinn gefi færi á utanaðkomandi athugasemdum á þessum tímamarki. Það mun skerpa á vinnu hópsins og vonandi leiða til þess að breiðari sátt verði um skýrsluna.

Að því rituðu lýsa samtökin vonbrigðum með samsetningu starfshópsins. Engan fulltrúa atvinnulífsins má finna í starfshópnum, en allir þeir fimm fulltrúar sem völdust í starfshópinn koma innan úr stjórnarráðinu. Einsleitur starfshópur er ekki til vættis um þá breiðu sátt sem þarf að skapast um nýtingu auðlinda. Auk þess sem aðkoma íslensks atvinnulífs skiptir sköpum í þeim umskiptum sem nauðsynleg eru til að sett markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 og lögfest markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040 eiga að nást.

Að sjálfsögðu er aðkoma stjórnvalda nauðsynleg á þessari vegferð, til dæmis hvað varðar regluverk, innviði, hvata til grænna fjárfestinga og stuðning við nýsköpun, tækniþróun og orkuskipti – en þetta verður að gerast í sátt og samtali við atvinnulífið.

Ljóst er að framkvæmd skattheimtu á orkuvinnslu er afar viðfangsmikið málefni og því er mikilvægt að umræða um skatta sé vel ígrunduð og grundvölluð á staðreyndum og raungögnum. Mikilvægt er að skoða skatta á orkuvinnslu heilt á litið og athuga sérstaklega samspil tekjuöflunar ríkisins og viðeigandi sveitarfélaga með tilliti til skiptingu tekna og greiðslna á milli umræddra aðila.

Með tilliti til framangreinds eru að öðru leyti ekki gerðar frekari athugasemdir við drög að aðgerðaáætluninni að svo stöddu. Starfshópnum hefur verið gefinn skammur tími til að skila tillögum sínum en ljóst er að verkefnið er umfangsmikið. Því er veigamikil að starfshópurinn skoði gaumgæfilega og greini mögulegar breytingar á fyrirkomulagi skattheimtu af



orkuvinnslu og vandi vel til verka. Samtökin ítreka mikilvægi þess að sú vinna grundvallist á áreiðanlegum raungögnum.

Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

**Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ánni Grétar Finnsson